

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 7. mars 2016, kl. 9.30-12.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Viðfangsefni fundarins:

- SKÝRSLA fagráðs
- Erindisbréf
- lokafundur fagráðs og afhending skýrslu

Skýrsla fagráðsins

Eftir síðasta fagráðsfund (19.2.) var tekið tillit til athugasemda sem þar komu fram við drög að lokaskýrslu, auk þess sem nokkrar athugasemdir bárust í tölvupósti. 24. febrúar var send út ný útgáfa og bárust athugasemdir um örfá atriði til lagfæringar. Auk þess komu mjög margar ábendingar frá Aðalheiði og KÍ fyrir viku síðan. Sigurjón og Sólrún fóru yfir þessar athugasemdir og er nú orðið til skjals með ýmsum atriðum til umræðu í stýrihópnum. Skjal þetta er á vinnusvæði fagráðs og var farið yfir stóran hluta skjalsins á fundinum.

Erindisbréf

Stýrihópur er sammála um að gera tillögu um erindisbréf nýs samstarfsráðs. Nokkrar ábendingar komu fram við drög sem lögð voru fram á fundinum. Talsvert var rætt um fjölda fulltrúa í ráðinu og einnig heiti þess.

Lokafundur og afhending skýrslu

Lokafundurinn er dagsettur 10. mars kl. 15-17. Ráðherra kemur inn á fundinn upp úr kl. 16. Dagskrá fundarins: fara yfir skýrsluna, afhenda hana og ræða framhaldið.

Fundi slitið

Sólrún Harðardóttir skráði punkta.